

**Skóla- og frístundasvið  
Akraneskaupstaðar**

**Leikskólinn Garðasel 2025 -2026**

**Úr Menntastefnu Akraneskaupstaðar 2022-2026**

**NÆRUM HUGANN, HUGSUM STÓRT**

Með samstöðu samfélagsins byggjum við upp umgjörð í skóla- og frístundastarfi þar sem öllum líður vel, eru virk, ábyrg og skapandi.

## Efnisyfirlit

<b>1. Um starfsáætlanir leikskóla</b> .....	<b>3</b>
<b>2. Greinargerð leikskólastjóra</b> .....	<b>4</b>
2.2 Samantekt frá síðasta skólaári.....	4
2.3 Skipulagsdagar.....	5
<b>3. Áherslur í skólastarfi</b> .....	<b>6</b>
Heilsueflandi leikskóli .....	7
Útinám .....	7
Vináttuverkefni Barnaheilla.....	7
<b>4. Stefna skólans</b> .....	<b>7</b>
4.1 Skólasamfélagið .....	7
4.2 Starfshættir .....	8
4.3 Mannauður .....	9
<b>5. Nemendur</b> .....	<b>10</b>
<b>6. Starfsfólk</b> .....	<b>10</b>
6.1 Samsetning starfsmannahópsins.....	11
6.2 Starfsþróun.....	12
<b>7. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun</b> .....	<b>14</b>
7.1 Innra mat leikskólans .....	14
7.2 Mat á þroska og velferð barn.....	15
7.3 Ytra mat leikskólans .....	16
7.4 Matsáætlun / umbótaáætlun .....	16
7.5 Vinnustaðamenning, gildi og viðhorf í Garðaseli .....	17
<b>8 Aðrar upplýsingar</b> .....	<b>17</b>
8.1 Foreldrasamvinna.....	17
8.2 Samstarf leik- og grunnskóla.....	18
8.3 Annað samstarf.....	19
8.4 Upplýsingar um opnunartíma, verklagsreglur og gjaldskrá .....	19
8.5 Skóladagatal 2025 -2026 .....	21
<b>9 Lokaorð</b> .....	<b>23</b>
<b>10 Umsögn foreldraráðs</b> .....	<b>23</b>
<b>Starfsmenn í Garðaseli 2025- 2026</b> .....	<b>24</b>

## 1. Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



## 2. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2023 til 2024 var viðburðarríkt, skólinn hélt áfram að stækka og varð nánast fullnýttur strax að hausti 2023. Þar sem flest leikskólaplássin voru laus í Garðaseli voru tekin inn óvenju mörg yngri börn í skólann auk þess sem nokkur eldri börn bættust við á eldri deildirnar. Aldursamsetning barnahópsins var því þannig að tæplega 80 börn af um 150 börnum voru tveggja ára og yngri. Framan af hausti var því helsta verkefnið á Lóni, Lind, Holti og Hóli að aðlaga öll litlu börnin sem byrjuðu í skólanum.

Um áramótin urðu síðan töluverðar breytingar á stjórnun skólans en Ingunn Ríkharðsdóttir sem hafði verið farsæll stjórnandi skólans frá 1999 lét af störfum vegna aldurs. Við hennar starfi tók Ingunn Sveinsdóttir sem hafði gengt starfi aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir var ráðin aðstoðarleikskólastjóri en þær báðar höfðu gengt þeim hlutverkum tímabundið árið 2022. Þar sem skólinn var orðinn það fjölmennur að stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra var orðið það mikið að það var meira en ein staða tók Freyja Hrönn Sveinsbjörnsdóttir þroskaþjálfari við starfi sérkennslustjóra.

Starfið seinasta skólaár hefur verið í stöðugri þróun enda mikið af nýju starfsfólki og starfsmannahópnum heldur áfram í að vinna saman að mótun nýs skóla á þeim á góða og trausta grunni sem Garðasel hefur starfað á. Farið verður í að endurskoða skólanámskrá Garðasels með tilkomu nýrrar Menntastefnu Akraneskaupstaðar og breytingar á Aðalnámskrá leikskóla. Auk þess sem starfsmenn deilda hafa verið að vinna í árganganámskrám og mun sú vinna halda áfram næsta skólaár.



### 2.2 Samantekt frá síðasta skólaári

- Leikskólinn opnaði eftir sumarlokun 6. ágúst og aðlögun eldri barna var frá 9. til 16. ágúst en yngstu börnin voru í aðlögun frá 12. til 16. ágúst.
- Í september bar Heilsuskokk og eldri börnin fóru á túnið við gróðurhúsið upp í skógrækt en yngri börnin hlupu á leikskólalóðinni.
- Foreldrasamtöl á Lóni, Lind og Hóli voru í lok október en síðan tóku við foreldraviðtöl á Holti, Vök, Vogu og Vík fram í miðjan nóvember.
- Í október fékk leikskólinn að gjöf frá Krónunni Bambagróðurhús. Var börnum og foreldrum boðið í heimsókn 30. október til að skoða gróðurhúsið. Var boðið upp á veitingar eins og grænmeti, ávexti og fræ sem vakti mikla lukku meðal barnanna.
- Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í leikskólanum og deildir skipulögðu þann dag.

- Leikhópurinn Skjóða og jólasveinarnir komu á rauðum degi í desember og voru með stutta leiksýningu fyrir börnin og sá síðan um að stýra jólaballi. Leikhópurinn var í boði foreldrafélagsins.
- Bóndadagskaffi var 24. janúar. Nú er það ekki lengur á föstudögum þar sem mörg börn eru komin með styttri vistunartíma á föstudögum svo betra er að vera með kaffið á öðrum degi. Þar sem mikill fjöldi kemur í heimsókn í skólann á þessum degi skiptum við honum niður í morgunkaffi fyrir eldri deildirnar og síðdegiskaffi fyrir yngri deildirnar á neðri hæðinni.
- Konudagskaffi var 24. febrúar og með sama sniði og bóndadagskaffið.
- Í lok janúar var haldið þorrablot þar sem boðið var upp á slátur og smakk af hefðbundnum þorramat fyrir þá sem vildu. Í kringum þorrablotið fóru deildir í vinnu með gamla tímann.
- Öskudagsball var 5. mars en þann dag mátti koma í búningum eða náttfötum. Haldið var ball í salnum og deildirnar léku með fallhlíf og börnin fengu síðan öll rúsínupakka.
- Foreldraviðtöl á eldir deildunum voru upp úr 10. mars og foreldraviðtöl yngri deilda tók síðan við þann 24. mars.
- Valdís Marselía Þórðardóttir tannlæknir kom í heimsókn í Garðasel með fræðslu fyrir tvo elstu árgangana.
- Umferðardagar voru í maí og áhersla á öryggi barna, hjól og hjálma.
- Haustskólinn og Vorskólinn fyrir elstu börnin voru í október og mars.
- Verkefnið Brúum bilið hélt áfram og fundað á skólaárinu til að skipuleggja samstarfið milli skólastiganna.
- Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í skólanum með söng, lestri og samveru.
- Foreldrafélagið og leikskólinn voru með vorhátíð 15. maí frá 15:30 til 17:00. Foreldrafélagið bauð upp á leikhópinn Lottu sem mætti klukkan 16 og sýndi Rauðhettu og úlfinn. Auk þess var boðið upp á andlitsmálningu og léttar veitingar, kleinur og svala og eldhúsið bakaði snúða.
- Sundnámskeið elstu barna og íþróttavika var í júní. Foreldrafélagið leigði hoppukastala sem voru í garðinum heilan dag í íþróttavikunni.
- Útskriftarferð elstu barna var vel heppnuð dagsferð í júní til Reykjavíkur.

### 2.3 Skipulagsdagar

- **18. September 2024.** Allir leikskólarnir voru saman á kynningu í Tónbergi þar sem Lóa Guðrún Gísladóttir kynnti foreldranámskeiðið Tengjumst í leik. Harpa Halladóttir kynnti LearnCove námskeiðsvefinn og síðan var kynning frá fyrirtækinu 100gr. sem fór yfir Mataruppeldi og hollt mataræði. Þegar heim var komið var sameiginlegur fundur. Farið yfir niðurstöður af vinnufundi starfsmanna og eftir

hádegi var hópavinna. Skipt var í eftirfarandi hópa: Hreyfing, Geðrækt, Læsisstefna og Skráningar í leikskólastarfi. Eftir það voru deildarfundir

- **18. nóvember 2024.** Sameiginleg vinna leikskólanna í Tónlistarskólanum þar sem farið var yfir Menntastefnu Akraneskaupstaðar. Fyrirlestur um foreldranámskeiðið Tengjumst í leik. Deildarfundir og unnið í árganganámskrám.
- **2. janúar 2025.** Farið yfir sameiginleg mál í húsinu, breytingar á deildum og vinnustyttinguna. Námskeið frá Sálstofunni um erfiða hegðun, kvíða og fleira. Unnið var síðan í árganganámskrárgerð og deildarfundir á hverri deild.
- **20. febrúar 2025.** Byrjað var á sameiginlegum fundi þar sem farið var yfir ýmis sameiginleg mál en eftir það tóku við örfyrirlestrar. Boðið var upp á kynningu á Blæ, Málörvun og Uppeldi til ábyrgðar. Hópnum var skipt upp í þrjá hópa og fór á alla kynningarnar. Bryndís sá um kynningu á Blæ, Freyja Hr. um málörvun og Ingunn um Uppeldi til ábyrgðar. Eftir hádegi var stutt hópavinna og spjall og síðan deildarfundir með áherslu á endurmat og undirbúning fyrir foreldraviðtölin.
- **22. apríl 2025.** Farið yfir sameiginleg mál í leikskólanum. Skipulag sumarsins, sumarfrí og sumarafleysingar. Rætt um Inntöku barna næsta haust og fleira. Eftir hádegi var hópefli og söguganga um Neðri Skaga þar sem Púsla var leiðsögumaður og fræddi okkur um sögu ýmissa húsa og staða á leiðinni. Farið í hópeflisleiki niður á Vita.

### 3. Áherslur í skólastarfi

Í Garðaseli er unnið með tvær meginstoðir í starfi



## Heilsuleikskólinn Garðasel



Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar sem leggur áherslu á fjölbreytta hreyfingu og holla næringu. Öll börn fá skipulagða hreyfistund einu sinni í viku. Heilsubók barnsins heldur utan um skráningar á færni og þroska barna.

**Heilsueflandi leikskóli** hefur verið í verkefni á vegum embættis Landlæknis og hafa allir heilsuleikskólar farið inn í það verkefni þar sem áherslur Heilsustefnunnar og þessa verkefnis skarast á margan hátt. Garðasel var ekki með í verkefninu seinasta skólaár þar sem áherslan hefur verið á að stilla saman strengi með nýju starfsfólki.

**Útinám** - skipulag þess og viðfangsefni taka mið af aldri og þroska barnanna. Skógræktin er næst Garðaseli og mest nýtt til útináms en aðrar náttúruperlur á Akranesi eru líka heimsóttar. Náttúrulegt umhverfi með litlu áreiti gefur börnum mikið og í ljós hefur komið að samskipti þeirra er afslappaðra í slíku umhverfi. Tvær elstu deildirnar fara í skógræktina einu sinni í viku og fást þar við ýmis verkefni tengd útikennslu.


**Vináttuverkefni Barnaheilla** er á öllum deildum og tekur sú vinna einnig mið af aldri og þroska barnanna. Allir kjarnar eiga verkefnatöskur og námsefni. Þetta er forvarnaverkefni til að byggja upp vellíðan og öryggi barna og mikilvægt að nýta námsefnið og leiðir þess til að byggja upp góð samskipti í barnahópnum.

Í **Uppeldi til ábyrgðar** er lögð áhersla á að hver og einn sé einstakur, bæði börn og fullorðnir, með ólíkar þarfir og reynt er að koma til móts við þær eins og hægt er.

## 4. Stefna skólans

Í stækkandi skóla bíða mörg tækifæri til vaxtar en líka margar áskoranir. Skólinn mun halda áfram á sömu braut og leggja áherslu á heilsustefnuna og gæði í samskiptum, ásamt því að móta metnaðarfullt námsumhverfi fyrir börn og starfsfólk.

### 4.1 Skólasamfélagið



#### Skólasamfélagið – metnaðar fullt námsumhverfi

Mikilvægt er að skapa lærdómsríkt skólasamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Að stuðla að lærdómssamfélagi sem einkennist af samvinnu, samábyrgð og sameiginlegri sýn og starfsfólk taki ábyrgð á verkefnum sínum og skyldum. Á starfsmannafundum er lögð áhersla á að fara yfir sameiginlega sýn og starfshætti leikskólans til að stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

## Sjálförugg og glöð börn

Stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum milli barna þar sem jákvæð viðhorf og virðing er grunnurinn með áherslu á vellíðan, samkennd og sterka sjálfsmynd og börnum líður vel. Velferð barna höfð að leiðarljósi.

Leikskólastarfið á að endurspeglar fjölmennningarlegt samfélag þar sem allir fá að njóta sín.

Stuðla þarf að jafnrétti og lýðræði þannig að allir fái að njóta réttar síns og fái tækifæri til að taka virkan þátt í starfinu.

Að börnin njóti öryggis og verndar á meðan leikskóladvöl þeirra stendur.

## Ánægðir foreldrar

Leggja skal áherslu á jákvætt og uppbyggjandi samstarf foreldra og skóla með virku samtali og upplýsingaflæði með áherslu á vellíðan og velferð barna. Er það gert m.a. með foreldrasamtölum, fréttabréfum um starfið og daglegum samskiptum. Stuðla skal að metnaðarfullum og lærdómsríkum starfsháttum í skólanum þar sem uppeldi og menntun barna er leiðarljósið.

## 4.2 Starfshættir



### Heilsueflandi samfélag

Að stuðla að heilsueflandi samfélag þar sem lagður er grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og vellíðan í leik og námi.

Að venja börn strax í barnsæsku við heilbrigða lífshætti og auka gleði og vellíðan með áherslu á hreyfingu, næringu, lífsleikni og sköpun.

### Jákvæð og uppbyggjandi samskipti

Stuðla að því að börn og starfsfólk temji sér umhyggjusöm samskipti með áherslu á virðingu, umburðarlyndi og traust þannig að sjálfsmynd barna og starfsfólks eflist.

Að skapa jákvæðan skólabrag sem einkennist af gleði, trausti og umhyggju.

### Leikur og nám

Leikurinn er námsleið leikskólans og stutt er við hann með fjölbreyttum efnivið, tíma og rými til leiksins og hafa leikefni hvetjandi, fjölbreytt og við hæfi þroska og áhuga barna.


Efla mál- og læsisþroska með því að auka orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu.

Stuðla skal að þátttöku í að móta og njóta fjölbreyttrar menningar og lista.

Gera skal reglubundnar skráningar í leikskólastarfi til að meta einstaklingsbundna stöðu barna en einnig að meta stöðu barna í hópum. Heilsubók barnsins og TRAS eru skráningartæki sem leikskólinn styðst við í mat á þroska barna.

### 4.3 Mannauður

Stuðla skal að starfsánægju, góðu samstarfi og starfsþróun.



#### Starfsánægja og vellíðan

Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum getur liðið vel og fá að njóta sín og leggi sitt af mörkum til þess að uppfylla þetta markmið.

Skapa heilsusamlegan vinnustað með góðum starfsaðstæðum og umhverfi.

Stuðla að öflugu samstarfi og umburðarlyndi innan skólans.

Veita starfsfólki stuðning og endurgjöf í starfi.

#### Áhugasamir og ábyrgir starfsmenn

Starfsfólk leggi sig fram um að vinna að taka þátt í faglegu starfi og sýni metnað, frumkvæði og sjálfstæði.

Starfsfólk sýni ábyrgð í störfum sínum og vinni samkvæmt fyrirmælum og skipulagi sem gildir hverju sinni.

#### Starfsþróun – Skóli sem lærir

Starfsfólk fylgist með nýjum leiðum í skólastarfi og er tilbúið að taka þátt í skólaþróun.

Stuðla að faglegri umræðu um stefnu og starfshætti skólans.

Starfsfólk taki þátt í að móta starf og stefnu skólans með samtali og samvinnu.

Fjölbreytt símenntun fyrir alla starfsfólk í formi fyrirlestra, námskeiða, skólaheimsókna og hópavinnu á skipulagsdögum / deildafundum.

Hvetja starfsfólk til að sækja námskeið / fræðslu utan símenntunar innan skólans.

## Dreifð stjórnun

Nýta hæfileika hvers og eins með því að dreifa verkefnum og ábyrgð milli starfsfólks eins og kostur er.

## 5. Nemendur

Í Garðaseli er lögð áhersla á að skapa námsumhverfi sem einkennist af umhyggju og trausti þar sem börn finna fyrir öryggi og vellíðan í dagsins önn.

Í Garðaseli er gert ráð fyrir að 159 börnum fyrir skólaárið 2025 - 2026 og er það aðeins yfir þeim fjölda sem upphaflega var gert ráð fyrir í Garðaseli.

Í aðlögun í ágúst og september hófu 24 börn leikskólagöngu sína en flest voru þau fædd sem fædd voru seinni hluta ársins 2023 og börn fædd fram í maí 2024. Auk þess komu til viðbótar þrjú önnur börn inn á eldri deildirnar sem voru að koma úr öðrum leikskólum.

Fjöldi barna í árgöngum í Garðaseli er misjafn en mestur fjöldi er í árgangi 2021 eða 48 börn og í árgangi 2022 eru 44 börn. Í skólanum eru sjö deildir og eru þær allar aldurskiptar nema yngsta deilin þar sem flest börnin eru fædd 2024 en einnig nokkur 2023.

Sex deildir skólans eru staðsettar í þremur kjörnum þannig að tvær og tvær deildir geta unnið saman og hægt að opnað á milli deilda en elsta deildin er í salnum og hefur þar tvö herbergi til viðbótar auk listasmiðjunnar.


**Dvalarstundir** barna skólaárið 2024 – 2025 eru 1296 og **barngildisstundir** eru 1712.

Úthlutuð sérkennsla var 4,5 stöðugildi.

## 6. Starfsfólk

Eitt af markmiðum stjórnenda eftir stækkun skólans er að fjölga leikskólakennurum og kennurum með leyfisbréf. Hefur gengið vel að fá menntaða kennara til starfa og í skólanum eru töluverður hluti hópsins með aðra kennaramenntun en leikskólakennaramenntun. Með einu leyfisbréfi eru kennarar í nokkrum mæli farnir að færa sig á milli skólastiga.

Nemendur í Garðaseli haust 2025



## 6.1 Samsetning starfsmannahópsins


Stöðugildaheimildir skólans í byrjun skólaárs 2025 - 2026 eru 44,04 samkvæmt reiknilíkani en þar af er gert ráð fyrir 1,6 stöðugildi á mánuði vegna orlofs. Lítilsháttar breytingar urðu á stöðugildum leikskólans á milli ára vegna breytinga á aldursamsetningu barnahópsins og stuðningstíma. Stöðugildi skólans fyrir skólaárið 2024-2025 voru um 44,86 og er því um lítilsháttar lækkun að ræða.

Eitt af markmiðum stjórnenda eftir stækkun skólans er að fjölga leikskólakennurum og kennurum með leyfisbréf til að uppfylla viðmið reglugerða og laga um að 2/3 hlutar starfsfólks skulu vera leikskólakennarar.

Góð og fjölbreytt blanda menntunar er í Garðaseli auk þess sem hópur reynslumikilla leiðbeinenda eru skólanum mikilvægur. Nokkur starfsmannavelta hefur verið í skólanum seinasta skólaár og er af ýmsum ástæðum, starfsfólk að flytja úr bænum, fara í önnur störf, barneignir en auk þess hefur verið nokkuð um langtímaveikindi. Hafa langtímaveikindi og afleysingar vegna þess einkennt ráðningar og úrlausnir og nýtt fólk verið ráðið utan hefðbundins ráðningartíma sem er oftast á haustin og vorin. Hefur það haft áhrif á ráðningarferli og þurft að ráða inn fólk með stuttum fyrirvara. Finna má breytingar á vinnumarkaði í þá átt að erfiðara er að fá fólk til vinnu í leikskólum á Akranesi en áður var.

Aftast í áætluninni er listi yfir starfsmenn í Garðaseli 2025 til 2026.

Menntun starfsfólks



## 6.2 Starfspróun

Starfspróun fer fram á skipulagsdögum, starfsmannafundum og deildarfundum. Auk þess sem starfsmenn sinna einstaklingsbundinni endurmenntun.

### Áætlun um starfspróun og endurmenntun 2025 -2026

Hvað	Hvenær	Hverjir
BOFS. Allir nýir starfsmenn taka námskeiðið Kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga.	September 2024	Allir sem eiga eftir að taka námskeiðið
Inga Fríða Tryggvadóttir leikskólastjóri fjallar um núvitund, leikskólastarf og tónlist í leikskóla.	Skipulagsdagur 18. september 2025	Allir
Freyja Hrönn sérkennslustjóri, kynning á málörvun, skráningum og leiðum í leikskólastarfi.	Skipulagsdagur 18. september 2025	Allir
Nýliðafræðsla, farið yfir starfshætti og áherslur skólans	Október 2025	Allir nýliðar haustsins
Málörvun á deildum skipulögð fyrir skólaárið.	Skipulagsdagur 18. september 2024	Allir
Fyrirlestur frá KVAN um mismun á viðhorfum og lífsstíl kynslóðanna.	Nóvember	Allir leikskólarnir í Golfskálanum.
Fræðsla fyrir starfsfólk leikskóla um börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. MEMM frá MMS.	Skipulagsdagur 19. nóvember 2025	Allir leikskólarnir í Golfskálanum.
Skyndihjálp, netnámskeið í Vitanum.	Nóvember 2025	Allir
Netnámskeið í Vitanum að eigin vali	Nóvember og desember 2025	Allir
Vinnustaðurinn okkar, gildi, samskipti og líðan. Fara yfir nýja umhyggjustefnu.	Skólaárið 2025-2026	Allir
Fræðsluerindi frá Guðrúnu Öldu um leikinn og yngstu börnin í leikskólanum og vinnustofur. Sameiginlegt og deildarfundir. Nýliðafræðsla.	Skipulagsdagur 19. febrúar	
Kynnisferð og heimsóknir í aðra leikskóla.	Skipulagsdagur 7. apríl	Allir

Velliðan á vinnustað og ábyrgð starfsmanna. Hilja mannauðsráðgjafi.	Starfsmannafundur 14. apríl	Allir
Skipulag sumarstarfsins og undirbúningur fyrir næsta skólaár.	Starfsmannafundur maí	Allir
Aðalnámskrá leikskóla, Unnið sameiginlega með leikskólunum á Akranesi og áherslur í Garðaseli.	Skólaárið 2025-2026	Allir að hluta, Skólastjórar, sérkennslustjóri og deildastjórar.
Skólanámskrá og árganganámskrá.	Skólaárið 2025-2026	Allir, deildarstjórar og skólastjórar.

Garðasel heldur áfram að vera þátttakandi í þróunarverkefni Mennta- og barnamálaráðuneytis og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem heitir **Farsæld barna- stuðningur við uppeldisfærni foreldra**. Markmið verkefnisins er að þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra um uppeldi barna sinna í samstarfi við leik- og grunnskóla og styður vel við samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Í ágúst 2024 var ákveðið að allir leikskólar á Akranesi tækju þátt í verkefninu Tengjumst í leik, Invest in Play sem er námskeið fyrir foreldra þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í gegnum leik.

Á námskeiði fóru þær Ingunn Sveinsdóttir, Sigríður Björk Kristinsdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir og eftir áramótin 2025 fór Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir einnig á leiðbeinenda námskeið.

Fyrsta foreldranámskeiðið var haldið í Garðaseli á haustönn 2024 en hvert foreldranámskeið er 12 vikur. Var námskeiðið haldið á þriðjudögum frá klukkan 15 til 17 og boðið var upp á gæslu fyrir þau börn sem þurftu á meðan á námskeiðinu stóð. Eftir áramótin 2025 var síðan boðið upp á annað námskeið sem haldið var á fimmtudögum frá klukkan 16 til 18 og einnig boðið upp á gæslu fyrir börnin.

Almenn ánægja hefur verið meðal foreldra með námskeiðið og leiðbeinendur hafa einnig tekið undir að námskeiðið sé mjög gagnlegt fyrir foreldra.

Ingunn og Ragnheiður voru síðan með kynningu á efni foreldranámskeiðsins fyrir starfsmenn leikskólans þar sem farið var yfir valda þætti sem gagnlegir eru í uppeldi barna.

**Skólanámskrá Garðasels** heldur áfram að vera í endurskoðun með tilliti til nýrrar aðalnámsskrár og menntastefnu Akraneskaupstaðar. Seinasta vetur var farið sameiginlega yfir helstu breytingar sem hafa orðið á aðalnámskrá leikskóla en eftir er að uppfæra skólanámskrá Garðasel. Skólaárið 2025 til 2026 verður farið í að klára árganganámskrár skólans og þegar því er lokið verður skólanámskráin uppfærð. Það verkefni verður unnið jafnt og þétt yfir skólaárið og inn í það næsta.

Hver deild gefur út námsáætlun fyrir hvern mánuð sem birtar eru á heimasíðu skólans auk þess sem þær eru sendar í tölvupósti til foreldra.

## 7. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Markmið innra mats er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum og skólaþróun til að auka gæði og velferð í uppeldi og menntun barna. Áherslan er einnig á að efla starfsþróun, fagmennsku og velferð kennara og starfsfólks. Í mati verða til mikilvægar upplýsingar sem nýtast í daglegu starfi ásamt því að vera til upplýsingagjafar til hagsmuna- og rekstraraðila skólans.

Skipulagsdagar og starfsmannafundir eru mikilvægur vettvangur til að endurmeta og þróa leikskólastarfið. Einnig eru deildarfundir mikilvægir til að samræma vinnubrögð, setja upp áætlanir og endurmeta starfið en hver deild tekur deildarfund á u.þ.b. fjögurra vikna fresti.

### 7.1 Innra mat leikskólans

Skólaárið 2023-2024 var **Skólapúlsinn** nýttur til að fá frá foreldrum upplýsingar um skólastarfið og niðurstöður könnunarinnar voru nýttar til að skoða það sem vel er gert til að viðhalda því og einnig skoða það sem hægt er að bæta og kom í betra horf. Fyrir skólaárið 2025 til 2026 verður lögð áhersla á að endurmeta eftirfarandi þætti:

Mánuður	Endurmat	Hverjir	Ábyrgð
September	Málörvun og læsi, endurskoðað og skipulagt fyrir veturinn	Allar deildir	Deildarstjórar
Október	Hljóm 2	Elstu börnin 2020 árgangur	Sérkennslustjóri
Haustönn	Líðan könnun elstu barna	Elstu börnin fædd 2020	Deildarstjóri og kennarar
Október	Foreldrasamtöl Skráning í Heilsubók farið yfir velferð, þroski og líðan barna	Árgangar 2022-2023-2024	Kennarar
Nóvember	Foreldrasamtöl Skráning í Heilsubók farið yfir velferð, þroski og líðan barna	Árgangar 2020-2021	Kennarar
Nóvember	Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Nóvember	Vinnuferð. Farið yfir starfið á deildum. Endurmat og settar áherslur.	Deildarstjórar	Skólastjórnendur og deildarstjórar
Febrúar	Starfsmannasamtöl Starfsánægja og líðan	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Mars	Foreldrasamtöl Skráning Heilsubók Velferð, þroski og líðan barna	Árgangar 2022-2023 Árgangar 2019-2020 -2021	Kennarar

Febrúar og Apríl	Skólastarfið endurmetið, farið yfir hvað hefur gengið vel og hvað þarf að bæta. Spurningarlisti útbúinn fyrir deildir	Allar deildir	Deildarstjórar og skólastjórnendur
Apríl	Skólahúsnæðið, farið yfir kosti og galla og endurmetið skipulagið fyrir næsta skólaár. Fjöldi barna á deild og nýting á húsnæðinu.	Deildarstjórar, sérkennslustjóri og skólastjórnendur	Skólastjórnendur
Apríl og maí	Deildastjórar taka starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	Deildastjórar

## 7.2 Mat á þroska og velferð barn

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börnin fást við og hafa áhuga á, það sem þau vita, geta og skilja.

Upplýsingarnar notar leikskólinn til að styðja við nám og velferð barnanna og skipulagning skólastarfsins á að taka mið af þessum upplýsingum.

Mat á námi og velferð barna þarf að vera einstaklingsmiðað til þess að efla megi hvert barn. Matið þarf að vera unnið með fjölbreyttum aðferðum og meta þarf jafnt félagslega og námslega þætti hjá barninu, **jafnt einstaklingsmiðað sem hópmiðað.**

Matstæki	Hvernig / hverjir / úrræði
<p><b>Heilsubókin</b></p> <p>Skráð tvívísar á ári fyrir öll börn.</p> <p>Heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, næring og svefn, færni í teikningu</p>	<p>Vinna á með þá þætti sem skráningar sýna að eru undir aldursviðmiði um færni. Umsjónarkennari og deildarstjórar bera ábyrgð á því.</p> <p>Umsjónarkennarar / kennarar sjá um að fylla út í Heilsubókina.</p>
<p><b>Hljóm-2</b></p> <p>Aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna. Börnin eru prófuð á haustmánuðum og foreldrum kynntar niðurstöður.</p>	<p>Sérkennslustjóri prófar börnin.</p> <p>Aðaltilgangur Hljóm-2 er að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Þau börn sem koma út með slaka færni eða mjög slaka færni fara í nánari athugun hjá talmeinafræðing í samráði við foreldra. Þau börn fara einnig í auka þjálfun í hljóðkerfisvitund í leikskólanum í hóp með öðrum börnum. Síðan eru börnin prófuð aftur eftir nokkra mánuði.</p>
<p><b>Orðaskil</b></p> <p>1 ½ -3 ára börn.</p> <p>Listi til að mæla orðaforða barna ef áhyggjur eru af málþroska.</p>	<p>Listinn er sendur á foreldra allra barna sem eru tveggja ára. Þau sem eru fædd fyrri hluta árs fá listann á haustönn en þau sem eru fædd seinni hluta ársins fá hann eftir áramótin. Foreldrar fylla listann út.</p> <p>Sérkennslustjóri fer yfir listann og hefur samráð við Bergros talmeinafræðing sem reiknar út málþroskatölu. Foreldrar kallaðir til og farið yfir niðurstöður. Í framhaldinu eru gerðar áætlanir um næstu skref og gæti það verið málþroskamát hjá talmeinafræðing eða íslenski smábarnalistinn fylltur út til að kortleggja betur stöðu barnsins.</p>

<p><b>AEPS listinn</b></p> <p>Ef grunur er um seinkaðan þroska.</p> <p>Listar af færniþáttum sem börn þurfa geta í daglegu lífi</p>	<p>Foreldrar og kennarar fylla út sitthvorn listann sem síðan er farið yfir og skráð niður færni barnsins úr báðum listum. Síðan er fyllt út í listana 2x á ári og farið yfir stöðu barnsins. Einstaklingsáætlun og skipulag þjálfunar er unnin upp úr AEPS listanum.</p>
<p><b>TRAS</b></p> <p>Skráingarlisti fyrir 2 -5 ára börn þar sem metin er málhegðun og málþróun</p>	<p>Skráð er 2x á ári með 6 mánaða millibili svör við ákveðnum spurningum. Ef geta barnsins er slök á þessum lista er farið í viðeigandi ráðstafanir eins og þjálfun í hópastarfi. Einnig er haft samband við foreldra og metið hvort ástæða þykir til að fá aðkomu talmeinafræðings.</p>
<p><b>Íslenski smábarnalistinn</b></p> <p>Metur gróf- og finhreyfingar barna ásamt sjálfsbjörg</p> <p>12 - 38 mánaða börn</p>	<p>Mæður fylla listann út.</p> <p>Farið er yfir listann og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og kennurum. Gerð er þjálfunaráætlun sem unnin er heima og í leikskóla. Ef um mjög slaka útkomu er að ræða í málhlutanum er kallaður til talmeinafræðingur og málproskinn kortlagður</p>
<p><b>Efi- 2 málproskaskimun</b></p> <p>Að finna börn á 4. ári með frávik í málþroska</p>	<p>Farið er yfir listann og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og kennurum. Inngrip er metið eftir niðurstöðum skráningar.</p> <p>Meta þarf þörf fyrir frekari greiningu fagaðila/talmeinafræðings.</p>
<p><b>Aðrar uppeldislegar skráningar</b></p>	<p>Uppeldislegar skráningar þegar skoða á einstaklingsbundnar aðstæður / færni og/ eða samskipti innan hóps</p>

### 7.3 Ytra mat leikskólans

Gallup var með vinnustaðagreiningu í nóvember 2024. Niðurstöður bárust í janúar 2025 og var farið yfir niðurstöður hennar, styrkleika og áskoranir og unnið með á skólárið 2024 og 2025.

Foreldrakönnun verður lögð fyrir á vorönn 2026. Verður það könnun á vegum Skólapúlsins sem hefur sérhæft sig í foreldrakönnunum skóla. Seinasta könnun Skólapúlsins var gerð í febrúar 2024. Nýttust þær niðurstöður til að bæta enn frekar skólastarfið.

### 7.4 Matsáætlun / umbótaáætlun

Vinna þarf klárlega með að stilla betur saman starfsmannahópin en auk þess er svarhlutfall nýliða í leikskólanum hátt. Þetta varð til þess að við fórum að skoða betur hvernig við komum nýju starfsfólki betur inn í starfið og styðjum við það. Í haust voru skólastjórnendur með nýliðafræðslu eina kvöldstund þar sem farið var yfir ýmis praktís atriði og stefnu skólans. Telja stjórnendur að sá fundur hafi verið gagnlegur og eitthvað sem verður haldið áfram að þróa. Mikilvægt er að fylgja nýju starfsfólki betur eftir og vera með kynningu fyrir þá um starfshætti skólans og áherslur.

Í þessu samhengi hefur starfsmannahandbók verið í endurskoðun og unnið að ýtarlegri starfsmannahandbók.

Styrkleikar Garðasels snúa að starfsháttum, samvinnu og viðhorfi til starfsins, sem er mjög mikilvægt fyrir skólann. Það sem þarf að skoða og vinna með er endurgjöf til starfsfólks í formi hróss eða leiðsagnar í starfi og fjölga starfsmannasamtölum. Mikilvægt er að horfa til þess að endurgjöf getur komið frá stjórnendum og samstarfsfólki og jafnvel foreldrum.

## 7.5 Vinnustaðamenning, gildi og viðhorf í Garðaseli

Það að stækka hratt sem skóli felur í sér margvíslegar áskoranir. Nýtt starfsfólk kemur inn í hópinn sem fyrir er og stærsta áskorunin er að þjappa hópnum saman og búa til sterka innviði sem ramma utan um skólastarfið.

Liður í að þjappa hópnum saman er að starfsmenn hittist utan vinnu, kynnist betur og skemmti sér saman. Starfsmenn leikskólans hafa tekið virkan þátt í því og aukið samveru og fleiri viðburði utan skólans hafa þjappa hópnum saman. Undanfarin ár hefur skemmtinefnd starfað innan skólans en til viðbótar er komin viðburðarnefnd sem hefur staðið sig mjög vel og staðið fyrir viðburðum fyrir starfsmenn skólans.

Starfsmannahópurinn hefur komið sér saman um sjö gildi sem hann vill að starfsfólk tileinki sér í starfi:



Þessi gildi eru liður í að byggja upp jákvæða og uppbyggjandi vinnustaðamenningu.

## 8 Aðrar upplýsingar

### 8.1 Foreldrasamvinna

Markmið skólans er að stuðla að jákvæðum og upplýsandi samskiptum við foreldra ásamt því að hvetja til virks samstarfs og þátttöku í starfinu. Lögð er áhersla í upphafi að leggja grunn að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem öryggi, vellíðan og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. Haldinn er foreldrafundur með nýjum foreldrum áður en aðlögun hefst að hausti og þar hafa foreldrar tækifæri að kynnast hvert öðru og mynda tengsl til framtíðar. Í aðlögun að hausti er þátttaka foreldra í leikskólastarfinu töluverð og tilvalið er að nýta þann tíma til að kynnast öðrum foreldrum og mynda traust tengsl við starfsfólið sem er grunnur að farsælu samstarfi heimilis og skóla.

Tvö foreldrasamtöl eru á skólaárinu en auk þess geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir samtali þar fyrir utan.

Upplýsingaflæði frá skólanum fer í gegnum tölvupósta í Völu, á heimasíðu skólans og á fésbókarsíðu skólans og með fréttabréfum í máli og myndum sem deildir senda heim í tölvupósti.

## Foreldraráð 2025 - 2026 – fundir / samráð við skólastjóra

- Fanney Rún Ágústsdóttir
- María Ósk Guðmundsdóttir.
- Rósa María Sigurgeirsdóttir
- Þórdís Þöll Þráinsdóttir

## Foreldrafélag 2025 - 2026 – fundir / samráð við aðstoðarleikskólastjóra

- Hafdís Rán Sævarsdóttir
- Lena Gunnlaugsdóttir
- Sigríður Ylfa Arnardóttir
- Viktoría Rós Viktorsdóttir

## 8.2 Samstarf leik- og grunnskóla

### Brúum bilið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanám. Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi og hefur samstarfið þróast í áranna rás en alltaf með það að markmiði :

- að tengja skólastigin saman
- að skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga milli skólastiga

### Skipulag samstarfsins

**Skipulagsfundur að hausti:** Leikskólakennarar og grunnskólakennarar skipuleggja samstarf vetrarins

**Haustskóli í október.** Elstu nemendur leikskóla fara í 3 daga í sinn grunnskólana. Grunnskólarnir eru hverfaskiptir og ræður búseta að öllu jöfnu í hvorn skólann barnið fer. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana ef kostur er og far þá helst í sína gömlu leikskóla. Tímasetning Haustskólans er ákveðin í samráði við grunnskólana.

**Annað óformlegt samstarf yfir veturinn** á milli skólastiga felst í því að skólarnir bjóða nemendum á ýmsar uppákomur á hvoru skólastigi s.s. á árshátíð, leiksýningar.

**Endurmat vegna haustannar í janúar 2024.** Kennarar á báðum skólastigum funda og fara yfir samstarf haustannar.

**Vorskólinn í apríl :** Vorskólinn er í 3 daga í apríl en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum nemendum sínum í 1. bekk og kynna skólann sinn. Nemendur í 1. bekk fara

í heimsókn í leikskólana.

**Íþróttadagur og Húllumhæ í apríl** – samstarfi skólaársins slitið með leik og grilli.

**Matsfundur að vori:** kennarar á báðum skólastigum meta árangur af samstarfi vetrarins

**Skilafundur:** Í núgildandi lögum umleikskóla er þess getið að persónuupplýsingar um barn í leikskóla, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla, skulu fylgja barninu í grunnskóla enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmiðið með upplýsingamiðluninni er að tryggja að byggt sé á fyrra námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið. Með nýju Farsældarlögum sem tóku gildi 08/2021, hefur Akraneskaupstaður tekið upp það verklag að þau börn sem eru í samþættri þjónustu í leikskóla sé skilað til tengiliðar í þeim grunnskóla sem barnið fer í. Misjafnt er eftir grunnskólunum hvenær skilafundirnir eru haldnir.

### 8.3 Annað samstarf

Leikskólastjórar hittast reglulega og eiga mikið og gott samráð um ýmis mál tengd starfi þeirra og starfsemi leikskólanna. Ekki er um fasta fundi eða samráð að ræða og oftar eru mál rædd í tölvupóstum eða símtali.

Sérkennslustjórar hittast reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði. Sérkennslustjóri Garðasels sinnir starfi tengiliðs í Farsæld barna.

Samráð leikskólastjóra og sviðstjóra, Dagnýju Hauksdóttur og Maren Ósk Elíasdóttir er einu sinni í mánuði og oftar ef þörf er talin á.

Fyrir skólaárið 2024 til 2025 hafa skólastjórar skipulagt samstarf leikskólastjóra á Vesturlandi og munu koma til með að hittast einu sinni til tvisvar á önn. Skólastjórar hittust í Garðseli og funduðu og báru saman bækur sínar. Ekki er búið að skipuleggja hvernig þessu verður háttáð fyrir skólaárið 2025 til 2026.

Garðasel hefur tekið þátt í Farsældardeginum á Vesturlandi en þar hittast fólk í framlínu farsældarþjónustu á Vesturlandi. Fulltrúar Garðasels 2025 voru Ragnheiður og Freyja Hrönn.

### 8.4 Upplýsingar um opnunartíma, verklagsreglur og gjaldskrá

Leikskólinn er opinn frá klukkan 7.30 -16.30. Opnað er í salnum kl: 7.30 og skilað þar í lok dags klukkan 16.30. Allar deildir eru opna frá klukkan 7:45 til 16:15.

Þrjár kjarnar eru í skólanum ; Lón (börn fædd 2023 og 2024) og Lind (börn fædd 2023) , Holt (börn fædd 2022) og Hóll (börn fædd 2022). Á efri hæðinni eru tvær deildir, Vök (börn fædd 2021) og Vogur (börn fædd 2021). Elsta deildin Vík (börn fædd 2020) er með deild í salnum og hafa þau afnot af 2 herbergi auk listasmiðju.

Á skólaárinu 2025 - 2026 eru fimm skipulagsdagar og leikskólinn lokaður þessa daga. Skipulagsdagarnir eru 22. september, 19. nóvember, 2. janúar, 19. febrúar og 7. apríl.

Leikskólinn verður lokaður í 4 vikur, frá og með 6. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 4. ágúst eftir Verslunarmannahelgi.

Í ágúst voru gerðar töluverðar breytingar á verklagsreglum og gjaldskrá leikskólanna á Akranesi. Helstu breytingar voru að bjóða upp á stigskiptan afslátt á vistunartímum og halda áfram með skráningardagana. Þær breytingar voru gerðar á skráningardögum að í stað þess að hafa alla skólana opna á skráningardögum verða safnskólar og einn leikskóli opinn á skráningardögum. Skráningardagar eru 10 á skólaárinu 20. og 21. október, 23., 29. og 30. desember, 20. og 23. febrúar og 30. og 31. mars og 1. apríl. Leikskólarnir fjórir á Akranesi skiptast á að vera opnir á þessum fjórum tímabilum.

Haldið er áfram að bjóða foreldrum gjaldfrjálsan nóvember ef þeir eru með börnin sín í fríi alla tíu skráningardagana en ef foreldrar eru með börnin staka daga í fríi þá fá þeir feld niður leikskólagjöld fyrir staka daga.

Foreldrar þurfa að skrá mætingu barna sinna á skráningardögum fyrir 15. september og starfsmannafjöldi tekur mið af þeim fjölda barna sem mætir í leikskólann og vinnur í þeim skóla sem er opinn hverju sinni. Á skráningardögum gefst öðru starfsfólki leikskólans kostur á að taka út styttingu vinnuvikunnar og/eða styttri vinnuviku eins og mörg verkalyðsfélög hafa samið um.

Hér fyrir neðan eru helstu breytingar sem voru gerðar á gjaldskránni.

## Gjaldskrá leikskóla



**Dvalargjald á opnunartíma leikskóla, 08:00 til 16:00 er óbreytt**

**Boðið upp á þrepaskiptann afslátt af dvalargjaldi frá 8:00-16:00**

Afsláttarleiðir:

1. 25% afsláttur ef dvalartími er 7 klst. á dag (35 klst./viku)
2. 30% afsláttur ef dvalartími er 6,5 klst. á dag (32,5 klst./viku)
3. 35% afsláttur ef dvalartími er 6 klst. á dag (30 klst./viku)
4. 25% afsláttur ef vistun lýkur kl. 14:00 á föstudögum (38 klst./viku)

**Gjöld utan 08:00-16:00 hækka, auka korter kosta  
3.750kr á mánuði.**



## 8.5 Skóladagatal 2025 -2026

### Ágúst

5. ágúst	Leikskólinn opnar eftir sumarlokun
15. ágúst	Aðlögun yngri barna á Lóni og Lind

### September

22. september	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
18. september	Heilsuskokk

### Október

20. október	Vetrarfrí / skráningardagur
21. október	Vetrarfrí / skráningardagur
31. október	Hrekkjavaka - búninga og náttfatadagur og ball í salnum
27.- 7. nóv.	Foreldrasamtöl á Lóni, Lind, Hóli og Holti

### Nóvember

10.- 21. nóv.	Foreldrasamtöl á Vök, Vogu og Vík
20. nóvember	Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember – sameiginleg söngstund
19. nóvember	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

### Desember

Í desember	Aðventustundir deilda / skóla
17. desember	Rauður dagur og Litlu jólin. Skjóða og jólasveinarnir mæta.
18. desember	Jólamatur
23. desember	Jólafrí / skráningardagur
24. -26. des.	Jólafrí - leikskólinn lokaður
29. desember	Jólafrí / skráningardagur
30. desember	Jólafrí / skráningardagur
31. – 1. janúar	Áramót - leikskólinn lokaður

### Janúar

2. janúar	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður - Starfsmenn búnar að vinna daginn af sér.
22. janúar	Bóndadagskaffi – morgun eða síðdegiskaffi fyrir pabba og afa
28. janúar	Þorrablót

### Febrúar

6. febrúar	Dagur leikskólans
18. febrúar	Bolludagur – búninga og náttfatadagur og ball í salnum
19. febrúar	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
20. febrúar	Vetrarfrí / skráningardagur
23. febrúar	Vetrarfrí / skráningardagur
26. febrúar	Konudagskaffi – morgun eða síðdegiskaffi fyrir mömmur og ömmur

### Mars

5. - 13. mars	Foreldrasamtöl á Vök, Vogu og Vík
16. - 27. apríl	Foreldrasamtöl á Lóni, Lind, Hóli og Holti
30. mars	Páskafrí / skráningardagur
31. mars	Páskafrí/ skráningardagur

## Apríl

1. apríl	Vetrarfrí / skráningardagur
2. - 6. apríl	Páskafrí – leikskólinn lokaður
7. apríl	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
23. apríl	Sumardagurinn fyrsti – leikskólinn lokaður

## Mái

1. maí	Frídagur verkalýðsins – leikskólinn lokaður
4. - 8. maí	Umferðardagar – hjól, gangbrautir og umferðarljós
Ódagsett	Útskriftarferð elstu barna
14. maí	Uppstigningardagur – leikskólinn lokaður
25. maí	Annar í hvítasunnu – leikskólinn lokaður
Maí - júní	Vorhátíð foreldrafélagsins

## Júní

8. - 12. júní	Íþróttadagar
9. júní	Annar í hvítasunnu – leikskólinn lokaður
Júní	Sundnámskeið elstu barna
Júní	Útskriftarhátíð elstu barna
17. júní	Þjóðhátíðardagurinn – leikskólinn lokaður

**Sumarlokun leikskólans er frá og með 6. júlí til og með 3. ágúst.**

**Leikskólinn opnar aftur eftir sumarlokun þriðjudaginn 4. ágúst.**

## 9 Lokaorð

Skólastarfið hefur einkennst af fjölbreyttum verkefnum, ýmsum áskorunum og uppbyggingu stærri og fjölmennari skóla. Skólinn hefur verið þéttskipaður börnum til að koma til móts við aukna eftirspurn eftir leikskólavistun á Akranesi. Það hefur gert það að verkum að salur skólans hefur verið nýttur sem deild fyrir elstu börnin. Það hefur bæði kosti og galla. Helstu kostirnir eru að mjög rúmgott er um elstu deildina og börnin þjálfast í að vera í opnu rými og verða sjálfstæðari. Ókostirnir eru að töluverður umgangur annarra starfsmanna er um salinn þar sem sækja þarf allt í eldhúsið og til að nota inngang starfsmanna og salerni þurfa allir starfsmenn að fara um salinn. Leikskólinn hefur komið því á framfæri við yfirmenn skólamála að þeir óski eftir því sem fyrst að fækka börnum í skólanum til þess að hægt sé að nýta salinn fyrir allan skólann og ekki þurfi að hafa fasta deild þar.

Skólinn mun halda áfram að leggja áherslu á að skapa námstækifæri fyrir öll börn þar sem þau læra og dafna í leik og starfi með öðrum og efla færni sína í samskiptum þar sem

Góð viðvera og samstaða í starfsmannahópnum skiptir miklu máli í að viðhalda vellíðan barna og starfsfólks sem um leið styður við jákvæða skólamenningu.

Það þarf heilt þorp til að ala upp og mennta barn og þar eru starfsfólk skólans, foreldrar og skólafyrirvöld í lykilhlutverkum og saman ber þeim að vanda vel til verka í sátt, samvinnu og af fagmennsku.

---

Ingunn Sveinsdóttir, leikskólastjóri Garðasels.

## 10 Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Garðasels 2025-2026

Samkvæmt 11. grein laga um leikskóla skal foreldraráð vera starfandi við skólann og skulu að lágmarki þrjú foreldrar sitja í ráðinu.

Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varðar starfsemi skólans.

Starfsáætlun leikskólans 2025-2026 hefur verið yfirfarin af foreldraráði skólans þetta skólaár.

Fh. foreldraráðs

---

---

---

## Starfsmenn í Garðaseli 2025- 2026

Nafn	Starfsheiti
Ingunn Sveinsdóttir	Skólastjóri
Ragnheiður Dagný Ragnarsd	Aðstoðarskólastjóri
Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir	Sérkennslustjóri
Aaya A Jawair Assoodee	Aðstoð í eldhúsi
Agnes Rún Marteinsdóttir	Leiðbeinandi
Alexandra Berg Rúnarsdóttir	B.ed í leikskólakennarafr. í Masters námi
Ingunn Helga Karlsdóttir	Aðstoðarmatráður
Anna Guðbjörg Lárusdóttir	Kennari
Arnþrúður Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi
Birna Pétursdóttir	Þroskaþjálfari
Briet Rán Elefsen	Leiðbeinandi
Bryndís Gunnarsdóttir	Deildarstjóri
Brynhildur Björk Magnúsdóttir	Þroskaþjálfari
Elena Erlingsson	Leikskólakennari
Elísabet Birgisdóttir	Leikskólalíði, nemi í leikskólakennarafr.
Eygló Baldvina Kristjánsdóttir	Leiðbeinandi
Franziska Jóney Pálsdóttir	Kennari. Fæðingarorlof til sept. 2026
Freyja Kristjana Bjarkadóttir	Kennari
Friðrika Ína Hjartardóttir	Leiðbeinandi
Gabríela Brá Bragadóttir	Leiðbeinandi
Gréta Sif Sverrisdóttir	Leiðbeinandi
Guðríður Sigurjónsdóttir	Deildarstjóri
Guðbjörg Þórisdóttir	Leikskólakennari
Guðrún Sigvaldadóttir	Leikskólakennari
Heiðrún Anna Sigurðardóttir	Kennari
Hekla Jónsdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður
Hlín Hilmarsdóttir	Leikskólakennari
Kamilla Katarzyna Polok	Kennari
Karen Ósk Kristínardóttir	Leiðbeinandi
Kolbrún Júlía Óladóttir	Kennari
Kolbrún Kjerúlf	Leiðbeinandi
Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir	Deildarstjóri
Kristín Releena Jónasdóttir	Deildarstjóri í fæðingarorlofi til ágúst 2026
Laufey Guðnadóttir	B.ed í leikskólakennarafr. í Mastersnámi
Laufey Haflína Finnsdóttir	Matráður
Laufey Ósk Hafsteinsdóttir	Leiðbeinandi
Lilja Rún Jónsdóttir	Háskólamenntaður starfsmaður

María Edda Sverrisdóttir	Leiðbeinandi, nemi í leikskólakennarafr.
Ragnhildur Edda Jónsdóttir	Deildarstjóri
Rannveig Lydia Benediktsdóttir	Kennari
Rósa Linda Óladóttir	Deildarstjóri
Sigríður Björk Kristinsdóttir	Deildarstjóri
Sigrún Þorbergsdóttir	Kennari
Sonja Sveinsdóttir	Deildarstjóri
Stefanía Rún Sigurðardóttir	Leiðbeinandi
Sylvía Björk Jónsdóttir	Leiðbeinandi
Sæunn Dögg Baldursdóttir	Kennari
Unnur Guðmundsdóttir	Deildarstjóri
Valgerður Björk Marteinsdóttir	Leiðbeinandi
Victoria Rachel Zamora	Leiðbeinandi
Viktoría Mist Birgisdóttir	Leiðbeinandi